



Stéttarsamband bænda

Bændahöllin – Hagatorgi 1 – Sími 630300 – Pósthólf 7040 – 127 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. > 117 / 1922


komudagur 15/12 1993

Reykjavík, 15. desember 1993
HS/hó

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Sendum yður hjálagn ályktun sem stjórn Stéttarsambands bænda hefur í dag samþykkt um tveggja þrepa VSK á matvæli.

Virðingarfyllst,
f.h. Stéttarsambands bænda


Hákon Sigurgrímsson

Stjórnarfundur Stéttarsambands bænda, haldinn þann 15. desember 1993, samþykkir eftirfarandi um tveggja þrepa VSK kerfi.

Stéttarsamband bænda mælir með því nú sem fyrr að virðisaukaskattur sé lagður á í tveimur þrepum, og matvæli höfð í því lægra. Það er í samræmi við skattastefnu flestra Evrópuþjóða, þar sem matvæli eru annaðhvort með mjög lágum VSK, 4 - 7%, eða engum, en hærri VSK lagður á aðrar vörutegundir. Einnig hefur verið bent á að aðlaga þurfi fyrirkomulag á álagningu VSK héraðs að skattastefnu EB í sambandi við inngöngu landsins í hið Evrópska Efnahagssvæði.

Sú aðferð, að niðurgreiða matvæli sem svarar lægra skattþrepi, sem tekin var upp við álagningu söluskatts á matvæli og síðar VSK, hefur ekki haldið nema að hluta til. Sérstakar niðurgreiðslur, sem áttu að koma í stað lægra skattþreps, höfðu tilhneigingu til að lækka smám saman að raungildi, þannig að raungildi VSK álagningar jókst að sama skapi.